# REGLUGERÐ

240
18. des.

## um breyting á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 133 28. desember 1936.

1. gr.

Í stað orðanna „tvítugfalda“ og „tvítugföld“ í 23. gr. A, 1, komi: fimmtánfalda og fimmtánföld.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

# REGLUGERÐ

241
22. des.

## um breyting á reglugerð nr. 133 30. júní 1950 um stóreignaskatt samkv. 12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Enn fremur falli niður tvær síðustu málsgreinar 16. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

# AUGLÝSING

242
28. des.

## um innheimtu skemmtanaskatts árið 1951.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 28. desember 1950 til þess að að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1951.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum eru undanþegnar skattaukanum.

*Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1950.*

**Björn Ólafsson.**

***Birgir Thorlacius.***

67